

M-1/2009. Álit 19. febrúar 2009.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 19. febrúar 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-1/2009.

I

Állitaefni og kröfugerð

Hinn 7. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y. Álitsbeiðandi segir bifreiðina vera gallaða og krefst aðallega riftunar á kaupunum en til vara afsláttar af kaupverði hennar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. janúar sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 21. janúar. Með bréfi, dags. 22. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 3. febrúar. Með bréfi, dags. 16. febrúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Í álitsbeiðni er greint frá því að bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti sé af gerðinni Mazda A, bílnúmer BA, framleidd 2004 og skráð 2005. Samkvæmt gögnum málsins yfirtók álitsbeiðandi 23. júní 2008 lán sem hvíldi á bifreiðinni þá að eftirstöðvum kr. 3.567.953.

Álitsbeiðandi segir seljanda hafa sagt sér þegar hann hafi fyrst skoðað bifreiðina að hún væri af árgerðinni 2006 og hafi hún verið skráð þannig á nokkrum bílasölum. Hins vegar sé bifreiðin af árgerðinni 2004, nýskráð í Bandaríkjunum 2005 og flutt inn sem tjónabíll. Þegar aflað sé upplýsinga erlendis um bifreiðina komi í ljós að átt hafi verið við kílómetramælinn og því hafi bifreiðinni ekki verið ekið eins lítið og sýnst hafi, sem hafi verið eitthvað undir 14.000 km. Álitsbeiðandi kveðst þekkja vel til gerðarinnar A og vita vel að fyrsta árið sem slíkar bifreiðir hafi verið framleiddar (2004) hafi bilanatíðni þeirra verið mikil og sé það viðurkennt af framleiðandanum. Eftir að hafa skoðað nokkrar bifreiðir kveðst álitsbeiðandi hafa ákveðið að kaupa ekki bifreið af árgerðinni 2004 og spara sér þannig nokkrar viðgerðir. Þegar hann svo kaupir bifreið af árgerðinni 2006, ekna vel undir 20.000 km, hafi hann ekki búist við neinum bilunum strax. Nokkrum vikum eftir kaupin hafi kúpling og kasthjól farið og viðgerð kostað kr. 233.000. Reikningur frá verkstæðinu Z fyrir viðgerðinni, að fjárhæð kr. 223.333, er dags. 22. júlí 2008 og segir þar að bifreiðin sé ekin 35.194 km. Álitsbeiðandi segir að allir hjá Z. hafi verið hissa á því að kúpling gæti farið í lítið ekinni bifreið af árgerðinni 2006. Bifreiðin sé hvorki af árgerðinni 2006 né hafi verið ekið eins lítið og sagt hafi verið. Álitsbeiðandi kveðst hafa spurt seljanda að því hvort um tjónabifreið væri að ræða sem hann hafi neitað. Sér hafi litist vel á bifreiðina og því keypt hana.

Eftir nokkra mánuði kveðst álitsbeiðandi hafa farið að grennslast fyrir um bifreiðina en hann hafi ætlað sér að setja hana upp í kaupverð annarrar bifreiðar dýrari

gerðar. Enginn hafi viljað taka bifreiðina upp í kaupverð þar sem um skráða tjónabifreið (flóðabíll) væri að ræða, en það sé oft svo með flóðabifreiðir að rafkerfið geti farið að segja til sín. Engin smurbók hafi fylgt bifreiðinni en þess hafi ekki átt að þurfa fyrr en eknir hefðu verið 20.000 km. Hafi bifreiðinni verið ekið meira geti skaði hlotist af því að láta ekki smyrja hana. Þá sé sá galli á bifreiðinni að skottið leki, afturljósinn fyllist oft vatni og móðu. Bifreiðin sé löngu farin að mygla að innan sem valdi vondri lykt o.fl. Dýrar græjur séu í skottinu og hafi þær skemmt.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi segist hafa sagt álitsbeiðanda þegar hann hafi prufukeyrt bifreiðina að hún væri nýskráð 2006 en af árgerðinni 2004, en þær upplýsingar hafi hann fengið á bílasölunni þar sem hann hefði keypt bifreiðina. Seljandi segist fyrst hafa heyrt það nú að átt hafi verið við kílómetramæli bifreiðarinnar. Hann hefði sjálfur ekki verið ánægður með slíkar upplýsingar en bifreiðin hafi verið ekin 7.500 km þegar hann hafi keypt hana.

Álitsbeiðandi hafi farið fram á það við sig að hann greiddi fyrir viðgerð á kúplingu og kasthjól. Þessir hlutir hafi verið í lagi þegar bifreiðin var seld og hafi bilað þegar hún var komin í eigu álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hafi engar athugasemdir gert við kúplinguna þegar kaupin fóru fram.

Seljandi segist hafa talað við yfirmann á verkstæðinu þar sem gert hafi verið bifreiðina og hafi hann sagt að ekki tæki langan tíma að „stúta“ kúplingu og kasthjól, það væri þess vegna hægt að gera á bílastæðinu eftir nokkurra mínútna glannakeyrsu. Þar sem hann hafi verið búinn að heyra frá fólki sem séð hefði aksturslag álitsbeiðanda hafi hann neitað að greiða fyrir viðgerðina enda hafi bifreiðin verið í lagi þegar hann seldi hana og álitsbeiðandi ekki getað sýnt fram á að hann hefði skemmt hana.

Álitsbeiðandi hafi aldrei spurt sig að því hvort bifreiðin hafi lent í tjóni eins og hann segi. Þegar hann hafi sýnt álitsbeiðanda bifreiðina í fyrsta skipti, þeir gengið kringum hana og skoðað þá hafi hann sagt honum í lokin að bifreiðin hefði lent í tjóni en hann vissi ekki nákvæmlega hvert það hefði verið. Vatn hefði a.m.k. farið í aftursætið og hefði það verið lagað. Þetta hafi verið nákvæmlega það sem sér hafi verið sagt á bílasölunni þar sem hann hefði keypt bifreiðina. Sér hafi aldrei verið sagt að bifreiðin væri flóðabíll og ekki viti hann hvað það þýði.

Engin smurbók hafi fylgt bifreiðinni og það hafi álitsbeiðandi vitað við kaupin.

Seljandi kveðst ekki vita til þess að neitt hafi lekið í farangursgeymslu bifreiðarinnar þegar hún var í hans eigu og græjurnar þar hafi virkað vel. Seljandi kveðst hafa gleymt að láta álitsbeiðanda vita af því að stundum kæmi móða í afturljósinn, en það hafi álitsbeiðandi séð rétt áður en þeir hafi gengið frá yfirtöku á bílaláninu. Þá hafi hann sagt honum að stundum kæmi móða í afturljósinn og hafi álitsbeiðandi ekkert sett út á það.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdunum segir álitsbeiðandi að hann hafi ekki áttað sig á því hve léleg kúplingin í bifreiðinni hafi verið fyrr en búíð hafi verið að skipta um hana. Hann mótmæli því að hafa ekið bifreiðinni glannalega. Seljandi hafi aldrei sagt sér að bifreiðin hefði lent í vatnstjóni og ekki heldur að bifreiðin væri af árgerðinni 2004 skráð 2006. Þetta kveðst álitsbeiðandi vita af því að hefði seljandi nefnt þetta hefði hann strax farið að leita að

annars konar bifreið þar sem hann hafi verið búinn að ákveða að kaupa ekki 2004 árgerðina. Seljandi hafi ekki viljað koma á neinn hátt til móts við sig og forðast að tala við sig. Álitsbeiðandi segir bifreiðina óseljanlega og hafi hann ekki minnsta áhuga á að eiga hana. Bifreiðin hljóti að hafa orðið fyrir meira tjóni en vatnstjóni því að undir öllum mottum hafi verið glerbrot, merki hafi vantað aftan á hana og afturstuðarinn sé rauður en sé svartur á þessari árgerð. Hann hafi ekki orðið var við leka í farangursgeymslu fyrr en tekið hafi að rigna. Þá sé bensínlokið á bifreiðinni ónýtt, það þurfi að spenna upp með járn.

VI

Úr gögnum málsins

Í reikningi Z., dags. 22. júlí 2008, er eftirfarandi athugasemd skráð:

„Gírkassi var tekinn úr kom þá í ljós að kúpling var gjörónýtt. Skekkja var á kasthjól og var það sent í arentsstál í rennsli – það var síðan dæmt ónýtt. Skipt var um kúplingssett í bíl, skipt var um kasthjól, skipt var um gírolúu. Einnig bætt olíu á mótór ... verður að fylgjast vel með olíu á A.“

Í bílasamningi um bifreiðina, dags. 23. júlí 2007, er sagt að bifreiðin sé af árgerðinni 2005. Þann samning yfirtekur seljandi, Y, með yfirlýsingu undirritaðri 3. september 2007 og kemur þar fram að bifreiðin sé af árgerðinni 2006. Þegar álitsbeiðandi yfirtekur bílasamninginn með yfirlýsingu 23. júní 2008 er ekki getið um árgerð bifreiðarinnar.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Kærunefndin óskaði eftir því við álitsbeiðanda að hann legði fram kaupsamning og afsal fyrir bifreiðinni en kvaðst ekki hafa það skjal undir höndum. Þá snéri kærunefndin sér til seljanda, setti fram sömu ósk og fékk sama svar. Virðist því svo sem kaupsamningur og afsal hafi ekki verið undirritað þegar kaupin fóru fram. Verður niðurstaða kærunefndarinnar þannig ekki byggð á gögnum af því tagi.

Álitsbeiðandi segir annars vegar í beiðni sinni að bifreiðin hafi verið ekin undir 14.000 km og hins vegar vel undir 20.000 km þegar kaupin fóru fram en eitthvað hafi verið átt við kílómetramæli bifreiðarinnar að hans sögn. Gera verður ráð fyrir samkvæmt því sem fram kemur í skjali um yfirtöku álitsbeiðanda á bílasamningi, dags. 23. júní 2008, að kaupin hafi farið fram þann dag eða um svipað leyti því að ólíklegt er að frá kaupunum hafi verið gengið án þess að án þess að gengið væri frá yfirtöku bílalánsins. Samkvæmt viðgerðarreikningi frá Z., dags. 22. júlí 2007, stóð mælir bifreiðarinnar þá í 35.194 km og hefur álitsbeiðandi samkvæmt því ekið bifreiðinni minnst 15.000 km og að líkindum meira miðað við þær upplýsingar sem frá honum sjálfum koma. Hefur akstur bifreiðarinnar verið með ólíkindum mikill á þessum mánaðartíma sem hún sýnist hafa verið í eigu álitsbeiðanda. Þó kann að vera enda þótt gögn málsins beri það ekki

sérstaklega með sér að eignarhald álitsbeiðanda hafi staðið lengur en frá 23. júní 2008. Hvað sem tíma eignarhaldsins líður er engu að síður ljóst að álitsbeiðandi hefur ekið bifreiðinni umtalsvert eftir að hún kom í hans eigu og þar til viðgerðin fór fram. Enda þótt munur hafi fundist á kúplingunni eftir að ný var sett í bifreiðina verður ekki litið á það sem sönnun þess að kúplingin hafi verið gölluð þegar álitsbeiðandi keypti hana enda akstur hans umtalsverður eins og fyrr segir. Kærunefndin lítur svo á samkvæmt því sem að framan segir að ósannað sé að sérstakur galli hafi verið á kúplingunni þegar álitsbeiðandi keypti bifreiðina eða hún svo slitin að það megi teljast galli í notaðri bifreið. Af þessum ástæðum þykja kærunefndinni ekki efni til að taka til greina kröfur álitsbeiðanda að því leyti sem þær byggjast á meintum galla á kúplingunni.

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að kaupunum verði rift en til vara að hann fái afslátt af kaupverði bifreiðarinnar.

Engar upplýsingar liggja fyrir um það að kílómetramæli bifreiðarinnar hafi verið breytt til þess að sýna færri ekna kílómetra nema frásögn álitsbeiðanda, hver hafi gert það og hve mikið.

Seljandi kveðst hafa sagt álitsbeiðanda að bifreiðin hafi lent í tjóni en við það kannast álitsbeiðandi ekki. Stendur þannig staðhæfing gegn staðhæfingu um það atriði. Þau atriði sem álitsbeiðandi telur fyrst upp í athugasemdir sem galla á bifreiðinni hefðu átt eða mátt sjást við skoðun á henni fyrir kaupin og verða þannig ekki byggðar neinar kröfur á þeim

Álitsbeiðandi segir seljanda hafa sagt sér við kaupin að bifreiðin væri af árgerðinni 2006 en seljandi segist hafa sagt álitsbeiðanda að bifreiðin væri af árgerðinni 2004 en það hafi sér verið sagt þegar hann keypti hana. Stendur þannig staðhæfing gegn staðhæfingu um þar hverjar upplýsingar voru gefnar um árgerðina við kaup álitsbeiðanda. Ekki verður hins vegar séð að aðila greini á um það að bifreiðin sé í raun af árgerðinni 2004.

Eins og rakið er í kafla VI hér að framan segir í samningi um bílalán vegna bifreiðarinnar að hún sé af árgerðinni 2005 en í skjali um yfirtöku seljanda á láninu segir að bifreiðin sé af árgerðinni 2006. Öðrum gögnum um árgerðina er ekki til að dreifa í málinu. Þegar til þessa er litið telur kærunefndin að sönnunarbyrði hvíla á seljanda um það að hann hafi greint álitsbeiðanda frá því að árgerðin væri 2004. Gegn andmælum álitsbeiðanda og samkvæmt framangreindum gögnum lítur kærunefndin svo á að sú sönnun hafi ekki tekist og verði að byggja á því að álitsbeiðandi hafi ekki fengið réttar upplýsingar um bifreiðina frá seljanda að þessu leyti.

Kærunefndin telur eins og málið liggur fyrir henni að ekki séu leiddar í ljós vanefndir af hálfu seljanda sem leitt geti til þess að álitsbeiðandi eigi rétt á því að rifta kaupunum, sbr. ákvæði 30. gr. laga nr. 50/2000. Hins vegar álitur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverði, sbr. fyrrgreint lagaákvæði, vegna þess að bifreiðin er ekki af þeirri árgerð sem hún var sögð vera. Telur kærunefndin þann afslátt hæfilega metinn kr. 140.000.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X kr. 140.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir